


Grunnmynd 1. hæðar 1:100




Grunnmynd svefnlofts 1:100




Sneiðing A 1:100




Sneiðing B 1:100




Sneiðing C 1:100




Sneiðing D 1:100




Norðurhlið 1:100




Suðurhlið 1:100




Austurhlið 1:100




Vesturhlið 1:100

BYGGINGARLÝSING:

Húsið er sumarhús byggt úr timbri og er það á einni hæð ásamt svefnlofti með timburverönd. Húsið er hannað samkvæmt algildri hönnum með þeim frávikum að hægt sé að gera breytingar án mikils tilkostnaður ef að hreyfihamlaður einstaklingur verður eigandi þess. Húsið er byggt af byggingardeild Verkmenntaskólans á Akureyri. Sumarhúsið er byggt til flutnings. Gert er ráð fyrir að húsið verði staðsett á svæði 3.

ALMENNT
Slökkvitæki komi í anddyri. Reykskynjarar (táknað RS á teikningum) ásamt læstum lyfjaskáp koma í húsið. Eingöngu er heimilt að nota byggingarvörur sem hafa hlotið staðfestingu tilnefnds aðila á samræmi eða eru CE-merktar, samanber kafla VIII í mannvirkjalögum. Teikningarnar eru yfirfarnar af burðarvirkishönnuði. Berandi byggingarhlutar eru a.m.k. R60. Húsið er í notkunarflokki 3. Almennar hollustukröfur gilda um frístundarhús. Rýmiskröfur íbúða gilda ekki um frístundarhús. Mengunarvörnum verður komið fyrir í samráði við Heilbrigðiseftirlit.

GÓLF
Dregarar eru 2x45x195mm í flokki T1. Gólfbitar eru 45x195mm í flokki T1 og einangraðir með 150mm steinull (þéttull). Ofan á timburbita er klætt með 21mm spónaplötum, gólfhitamottum og furu/greni nótuðum gólfborðum nema í snyrtingu komi rakavarðar plötur undir gólfdúk/flísar. Að neðan milli gólfbita er klætt með 9mm krossviði er neglist á timburlista. Þétta skal krossvið með viðukenndu kítti.

ÚTVEGGIR.
Útveggir eru byggðir úr 45x145mm timburgrind sem einangrist með 150mm steinull (þéttull). Að utan eru veggir klæddir með 9mm krossviði, 21x34mm loftunarlektum og liggjandi timburklæðningu í mahognylit eða sbr.. Úveggir að innan eru klæddir með 0,2mm þolplasti, 34x45mm lektum og 12mm klæðningu er málist í ljósum lit. Allar veggja- og loftaklæðningar innanhúss eru í flokki 2 eða betra.

ÞAK
Þak er gert úr 45x245mm timbursperrum er hvíla á útveggjum og timburbitum. Þak er einangrað með 220mm steinull (þéttull). Ofan við einangrun komi 25mm loftunarbil. Milli einangrunar og borðaklæðingar skal koma fyrir 25x25mm timburlistum svo einangrun haldist frá borðaklæðningu. Þak er klætt með 25x150mm borðaklæðningu, þakpappa og dökku báruformuðu þakstáli. Loftun þaks uppfylli kröfu byggingareglugerðar. Að innan er 0,2mm þolplast, 34x45mm lektur og plötur í flokki 2 eða betra. Snjógildrur koma á þak yfir inngangsdyrum. Þakskyggni eru úr timbri og ljós að lit.

MILLIGÓLF
Gólfbitar milligólfs er 45x145mm í flokki T1. Gólf svefnslofts er klætt með 21mm spónaplötum.

LAGNIR
Inntaksrými stofnlagna koma í inntakskassa sem staðsettur er utan á húsinu en innanhúss eru tengingar í kassa sem staðsettur er í þvottaherbergi. Í öll blautrými komi gólfniðurföll (GN). Vélknúin loftræsing (Lr. - 100mm blikkrör) komi frá eldhúsi, þvottaherbergi og baðherbergi og gangi upp fyrir þak (eða útvegg) og endi þar í viðurkenndum háf. Neysluvatnslagnir eru álPex lagnir lagðar í lagnagrind. Upphitun er með gólfhitalögnum sem lagðar eru í einangrunarmottur. Raflagnir eru hefðbundnar. Frárennsli er tengt í lagnakerrfi svæðisins en regnvatn sett í grjótpúkk. Ganga skal þannig frá lögnum sem koma niður gólfi að það sé engin hætta að frjósi í þeim. Framrás heits neysluvatns við inntak skal ekki vera lægra en 60°C en takmarkað við 43°C við töppunarstað (hitastýrð blöndunartæki eða hitastýrðir blöndunarlokar settir við alla töppunarstaði). Reiknað er með að húsið tengist hitaveitu og rafmagni. Greinitafla rafmagns er innanhúss. Tenging, frágangur og öryggisbúnaður fyrir heitan pott er gert samkv. gildandi reglugerðum ef heitur pottur er settur við húsið.

GLUGGAR OG HURÐIR
Gluggar og inngangshurðir eru úr timbri í hvítum lit en gler er tvöfalt einangrunargler (K/gasfyllt gler.). BO táknar björgunarop í glugga (ljósmál minnst 60sm breitt en hæð+breidd skal ekki vera minni en 150sm) og skal læsing á opnanlegu fagi gerð samkv. reglum þar um. Fellistigi kemur út frá BO á svefnlofti. Sé fallhæð utan við glervegg eða glugga í byggingum 2,0 m eða meiri og neðri brún glers nær gólfi en 0,60 m skal glerið í veggnum eða glugganum vera viðeigandi öryggisgler

INNVEGGIR, INNIHURÐIR OG INNRÉTTINGAR
Léttir innveggir eru gerðir úr 70mm timburstoðum/blikkstoðum og klæddir beggja vegna með 2x12,5 klæðningu. R60 innveggir eru gerðir úr 45x95mm timburstoðum og einangraðir með 100mm steinull (þéttull) er neglist föst sbr. kröfur þar um. Veggur er klæddur beggja vegna með einu lagi að 9mm krossviði og einu af 12mm klæðningu. Allar veggja- og loftaklæðningar innanhúss eru í flokki 2 eða betra. Að innan eru veggir og loft máluð í ljósum lit. Innréttingar smíðist úr timbri og eru spónlagðar með eik eða heilsprautaðar. Innihurðir eru úr timbri (heilsprautaðar) og skal umferðarbreidd þeirra vera minnst 80sm og samsvandi hæð 200sm. Innihurðir skulu vera þröskuldalausar.

Kólnunartölur og niðurst. Orkurammans:

| | |
|---|---|
| U-gildi þaks | < 0,19 $W/m^2K$ |
| U-gildi útveggja | < 0,27 $W/m^2K$ |
| U-gildi glugga | < 1,70 $W/m^2K$ |
| U-gildi hurða | < 1,66 $W/m^2K$ |
| U-gildi gólfs | < 0,26 $W/m^2K$ |
| Leiðnitap á ferm. gólfs. | 1,62 $W/m^2 \cdot C$ |
| Útveggir (vegið meðaltal) | 0,49 $W/m^2K$ |

Sumarhús (byggt til flutnings):
Stærðir og kennitölur fyrir hús og lóð:
(Sjá nánar skráningartöflu)
Brúttóflötur húss er 53,0 $m^2$
Flatarmál lóðar: á ekki við
Nýting á lóð: á ekki við
Fastanúmer: á ekki við
Landnúmer: á ekki við
Staðgreinir: á ekki við

| NR | DAGS | BREYTING |
|---|---|---|
| A | | |
| B | | |
| C | | |

Áritun:

H.S.Á. TEIKNISTOFA

TGT Hús ehf · SUNNUHLÍÐ 12 · 603 AKUREYRI · kt. 701210-1230
sími 464-6800 · fax 464-6801 · hara@hara.is · www.hara.is

VERKHEITI
Hringteigur 2, Akureyri. Svæði 3 (byggt til flutnings)

HEITI TEIKNINGAR
Grunnmynd, snið og útlit.

| VERK NR | TEIKN. NR | KVARÐI | DAGS |
|---|---|---|---|
| 19-1202 | 1302 | 1:100 | 07.05.2019 |
| HANNAÐ | TEIKNAÐ | YFIRFARIÐ | BREYTING |
| SHR | SHR | | |

HARALDUR S. ÁRNASON · kt. 120149-2539
STEINMAR H. RÖGNVALDSSON · kt. 140574-3769

Áritun hönnuðar:

Áritun hönnunarstjóra:




ALGILD HÖNNUN 1:100

## Skýringar:

Baðherbergi:
Hurð opnast út. Sturtuhengi sett upp. Innréttingu breytt.

| NR | DAGS | BREYTING |
|---|---|---|
| A | | |
| B | | |
| C | | |

Áritun:

**H.S.Á. TEIKNISTOFA**

TGT Hús ehf · SUNNUHLÍÐ 12 · 603 AKUREYRI · kt. 701210-1230
sími 464-6800 · fax 464-6801 · hara@hara.is · www.hara.is

| | | | |
|---|---|---|---|
| VERKHEITI<br>Hringteigur 2, Akureyri. Svæði 3 (byggt til flutnings) | | | |
| HEITI TEIKNINGAR<br>Algild hönnun | | | |
| VERK NR 19-1202 | TEIKN. NR 1303 | KVARÐI 1:50 | DAGS 07.05.2019 |
| HANNAÐ SHR | TEIKNAÐ SHR | YFIRFARIÐ | BREYTING |
| HARALDUR S. ÁRNASON · kt. 120149-2539<br>STEINMAR H. RÖGNVALDSSON · kt. 140574-3769 | | | |
| Áritun hönnuðar: | | Áritun hönnunarstjóra: | |